

2005110084

8610; 9310

Reykjagarður
Hr. Matthías Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Fossháls 1
110 Reykjavík
Ísland

Reykjavík, 26. janúar 2006

/--

Efni: Stækkun kjúklingabús á Ásmundarstöðum í Ásahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Reykjagarðs ehf. dags. 19. desember 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um stækkun kjúklingaeldishúsa á Ásmundarstöðum í Ásahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a sbr. lið 1 f.i. í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ásahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og embættis Yfirdýralæknis.

Umsagnir bárust frá Ásahreppi með símbréfi dags. 25. janúar 2006, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. janúar 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. janúar 2006 og embætti Yfirdýralæknis með bréfi dags. 23. janúar 2006.

Frekari upplýsingar bárust frá Reykjagarði ehf. með bréfum dags. 7. janúar, og 17. janúar 2006 og tölvupósti dags. 24. janúar 2006.

Frekari umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 24. janúar 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir felist í að reisa 3 ný kjúklingahús og 1 varpstofnahús á landi Ásmundarstaða í Ásahreppi. Kjúklingahúsin þrjú yrðu öll jafnstór eða 702 m² hvert, alls 2106 m², en stærð þeirra húsa sem fyrir eru er alls 6146 m². Fyrirhuguð stækkun nemur um 40.000 stæðum fyrir kjúklinga en fyrir eru stæði fyrir um 117.000 kjúklinga. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu uppi áform um frekari uppbyggingu kjúklingaeldis á Ásmundarstöðum eftir þessa stækkun. Fram kemur að starfsemi við kjúklingaeldi að Ásmundarstöðum sé í samræmi við starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands árið 2003. Þar komi fram að frá varpstofnahúsum sé áætlað að falli til um 720 tonn af skít á ári og frá kjúklingaeldishúsum um 2000 tonn á ári eða um 1100 rúmmetrar á ári. Fram kemur að hænsnaskítur frá búinu hafi verið nýttur á þrennan hátt

til þessa þ.e:

- Til áburðarframleiðslu um $50 \text{ m}^3/\text{ári}$
- Til sveppagerðar um $830 \text{ m}^3/\text{ári}$
- Til landgræðslu/ræktunar um $220 \text{ m}^3/\text{ári}$.

Við fyrirhugaða stækkun sé ljóst að hlutfallslega meiri skítur muni falla til og muni hann verða notaður til ræktunar og landgræðslu enda eftirspurn eftir kjúklingaskít til ræktunar töluverð. Fram kemur einnig að sérstakur gámur sé fyrir hræ sem tæmdur er tvisvar í viku af Gámastöðinni ehf, sem sér um förgun á viðurkenndum förgunarstað. Annað ólífrænt rusl sem til fellur sé svo sett í sér gáma og þeir einnig losaðir reglulega af Gámastöðinni ehf.

Meðhöndlun úrgangs

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um 75 % af skít sem falli til af búinu sé notaður til sveppagerðar á Flúðum. Skíturinn sé sóttur af starfsmönnum Gámastöðvarinnar tvisvar í viku og fluttur til Flúðasveppa í lokuðum gámum. Sá hluti skítsins sem til þessa hefur farið til uppgræðslu hefur verið nýttur á Selsandi en ætlunin sé að draga verulega úr eða hætta þeirri uppgræðslu. Ætlunin sé að nota áfram sama hlutfall af skít frá núverandi búi ásamt viðbót frá nýjum húsum, um 374 m^3 á ári, til uppgræðslu fjær mannabyggðum í samstarfi við Landgræðsluna. Þannig verði öllum skít ekið af svæðinu.

Fráveita

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fráveituvatn frá húsunum fari í rotþrær sem staðsettar eru á svæðinu. Nýju húsin verði tengd inn á þessar fráveitur enda ætti afkastageta að vera næg. Eftir útmokstur og sópun gólfa sé mjög takmarkað magn eftir af skít og ryki sem fari inn í fráveitukerfin og sýni úrtaksmælingar starfsmanna að sé það um 1/10 úr rúmmetra í hverju húsi sem skolist út með vatni. Á meðan verið sé að moka út og sópa sé lokað fyrir öll niðurföll í húsunum.

Áhrif á núverandi landnotkun.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lítil sem engin áhrif verði á aðra landnotkun á svæðinu. Land Reykjagarðs hafi verið nýtt til beitar um árabil, en ræktuð tún séu nýtt af bændum í nágrenninu.

Áhrif á gróður.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á gróður verði nær engin næst búinu. Skítur hafi verið nýttur til uppgræðslu á Selsandi og áform séu um að taka upp samstarf við Landgræðsluna á þessu sviði.

Loft- og hljóðmengun.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að loftmengun á svæðinu aukist ekki. Um 80 % þess skíts sem falli til á búinu sé fluttur á brott til endurvinnslu og um 20 % sé nýttur til landgræðslu á Selsandi en það komi til með að breytast á næstunni eins og fram hafi komið. Búið standi þar að auki á vindasömum stað þannig að loftskipti eru jafnan hröð.

Áhrif á byggð og atvinnulíf.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stækkun búsins kalli á fjölgun starfsfólks og bæti því skilyrði til búsetu á svæðinu og bæti einnig atvinnumöguleika.

Samræmi við skipulagsáætlanir.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014 sé gert ráð fyrir iðnaðarsvæði að Ásmundarstöðum. Eins kemur fram að fyrirbyggjandi sé tillaga að deiliskipulagi sem auglýst hafi verið í 6 vikur og hafi einnig verið kynnt fyrir þeim tveimur landeigendum sem eiga íbúðarhús í innan við 1 km fjarlægð frá starfseminni.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif vegna meðhöndlunar úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að fylgt verið ákvæðum í starfsleyfi þar sem kveðið er á um hvernig meðhöndla eigi skít fyrir losun og dreifingu. Tryggja þurfi að dreifing skíts valdi ekki mengun vatns og þurfi við val á uppgræðslusvæðum m.a. að taka tillit til þess. Stofnunin bendir einnig á að nauðsynlegt sé að við geymslu og notkun áburðarins verði fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og starfsreglum um góða búskaparhætti.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að allur skítur muni fara í lokaða gáma og honum verði síðan öllum ekið burt af svæðinu og hluta dreift fjarri mannabyggðum til uppgræðslu. Eins kemur fram að félagið muni framfylgja ákvæðum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um förgun skíts, enda muni starfsleyfið vera til endurskoðunar vegna stækkunarinnar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er farið fram á að frekari upplýsinga yrði aflað annars vegar vegna úrgangsmýndunar þ.e. meðhöndlunar, vinnslu og nýtingu úrgangs og hins vegar vegna mengunar og ónæðis þ.á.m. lyktarmengunar.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað í tilkynninguna þar sem fram kemur að öllum skít verði ekið í burtu og hann nýttur á þrennskonar hátt eins og áður hefur verið fjallað um. Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að á þeim tíma ársins sem ekki verði heimilt að dreifa skítinum verði hann settur í safnhaug, enda munu aðilar koma upp aðstöðu vegna þess. Ennfremur telur framkvæmdaraðili að mjög takmörkuð lyktarmengun eigi sér stað þegar verið sé að moka út úr húsum enda fari allur skítur í lokaðan gám. Hvað varðar ónæði af starfseminni fyrir nágretta bendir framkvæmdaraðili á að með fyrirhugaðri stækkun aukist kjúklungaeldi um 20 %. Það þýði hlutfallslega meiri umferð um Ásmundarstaðaveg.

Í frekari umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að fyrirkomulag og verklag vegna safnhaugs verði að liggja fyrir og eins hvernig fokvarnir verði. Það sama eigi við um fyrirkomulag frárennslis. Eftirlitið telur engu að síður að þessum atriði verði hægt að gera nánari skil í endurútgefnu starfsleyfi.

Fráveita.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að tryggt þurfi að vera að afkastageta núverandi rotþróa sé nægjanleg þar sem fráveita frá nýju húsunum verði tengd inn á þær sem fyrir eru.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óverulegt magn af skít fari í fráveitukerfið, enda sé honum að mestu mokað út og öll niðurföll höfð lokuð á meðan. Félagið muni tryggja að afkastageta verði næg og ef með þarf, að bæta við eða stækka rotþrær.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á kjúklingabúi á Ásmundarstöðum um 40.000 stæði. Að auki verður byggt eitt varpstofnahús til viðbótar við þau sem fyrir eru. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a sbr. lið 1 f.i. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í dag er rekið kjúklingabú á Ásmundarstöðum með stæði fyrir um 117.000 kjúklinga. Í gildi er starfsleyfi fyrir reksturinn sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands árið 2003. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirlitinu hefur samstarf milli aðila verið gott. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru einkum gerðar athugasemdir og ábendingar er lúta að meðhöndlun úrgangs og fyrirkomulagi fráveitu. Hvað varðar fyrirkomulag og verklag við safnhaug, sem myndast á þeim tíma árs þegar ekki er heimilt að dreifa skít beint á tún, og fokvarnir vegna hans hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bent á í umsögn sinni og svörum að unnt væri að setja um það ákvæði í starfsleyfi.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að framkvæmdaraðili tryggir að nægilegt rými sé í rotþróum og að förgun á öllum skít er talin ásættanleg, eins og henni er lýst í framlögðum gögnum, sé framkvæmdin ekki líkleg til að kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun telur önnur umhverfisáhrif umhverfisáhrif framkvæmdarinnar s.s. áhrif á landnotkun, gróður, loft, hávaða, byggð og atvinnulíf óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Reykjagarðs ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Reykjagarðs ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun kjúklingaeldishúsa á Ásmundarstöðum í Ásahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ásahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og endurskoðun á starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. febrúar 2006.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ásahreppur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og embætti Yfirdýralæknis.

